

Þorsteinsson verkfræðingur og Kristinn Sigurjónsson húsasmíðameistari.

Dómsorð:

Stefnda, Svanhildur Sigurjónsdóttir, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ragnhildar Sigurðardóttur. Stefnandi greiði stefndu kr. 35.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 27. apríl 1978.

Nr. 165/1976. **Ólafur H. Pálsson,**
eigandi Hamrakots,
 (Páll S. Pálsson hrl.)
 gegn
Þormóði Sigurgeirssyni,
eiganda Orrastaða
 (Sigurður Ólason hrl.).

Landamerkjамál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Jón Ísberg, sýslumaður Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt meðdómsmönnum Jóni Tryggvassyni oddvita og Sigurði Þorbjarnarsyni hreppstjóra.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 6. september 1976. Krefst hann þess, að landamerki Hamrakots og Orrastaða verði ákveðin lína dregin frá punkti B á uppdrætti Ragnars Árnasonar mælingaverkfræðings, (hæstaréttarskjal V) sjónhending í Skörpubrún í landi Hurðarbaks, þar til sú lína sker Deildarlæk, punkt C á nefndum uppdrætti. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þ. e. að merki jarðanna verði bein lína úr punkti B á nefndum uppdrætti í punkt A og þaðan í punkt A₁. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal nýr uppdráttur Ragnars Árnasonar mælingaverkfræðings, þar sem punktur A hefur verið markaður í samræmi við niðurstöðu héraðsdóms.

I.

Í héraðsdómi er rakið það, sem málsskjöl greina um eigendur og eignarheimildir að Hamrakoti og Orrastöðum. Þar eru og reifaðar skýrslur aðilja.

Áfrýjandi byggir kröfu sína m. a. á landamerkjaskrá fyrir Hamrakot 20. maí 1890, sem er svohljóðandi:

„Landamerki fyrir jörðinni Hamrakoti í Torfalækjarsvæði. Landamerkjalinan að sunnan, er úr Bræðrum við Lagsá vestur í Einbúa við Lómatjörn, og svo þaðan bein sjónhending upp í Stóraklett (svo kallaðan) úr Stórakletti gengur merkjalínan úteptir neðanvert við Þúfukot, og svo þaðan bein lína úti Deildarlæk, móts við Skörpubrún (svo kallaða) í Hurðarbakslandi liggur svo merkjalína þaðan til (Ytri) Lagsár eptir Deildarlæk, þaðan ræður merkjum fram eptir að austan, fyrst ytri Lagsá, svo Lagsárvatn, og svo fremri Lagsá fram að Bræðrum.

Kagaðarhóli, 20. maí 1890

J. Jónatansson

Stephan Jónsson

eigandi að 2/3 jarðarinnar

eigandi að 1/3 jarðarinnar

Eigandi Orrastaða neitar

Guðrún Erlendsdóttir.“

Stefndi byggir kröfu sína m. a. á „landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Orrastöðum í Torfalækjarsvæði“ 25. apríl 1884, sem er svohljóðandi:

„Að sunnan, frá Laxárós við Svínavatn og sem það ræður vestur á móts við Jörundarþúfu, frá henni til útnordurs, eptir þeirri línu sem vörður benda til í vörðu sem er í miðjum Álptatanga sem nú er að nokkru leyti orðin hólmi norðan til í lægð þeirri sem áður var Torfavatn frá Álptatangavörðu

beint í Kelduós er fellur sunnan í Deildartjörn. Frá henni að norðan ræður Deildarlækur er skilur lönd Orrastaða og Hurðarbaks til Laxár neðri, ræður þá áin og vatnið suður til Vatnslágar. Norðan við Vatnslág þessa er einkennilegur hóll með þúfu á. Frá Vatnslág eður hólnum, gengur merkjalínan milli Hamrakots og Orrastaða beint suður í vestasta Smáhól, sem einkenndur er með grjótvörðu og er fyrir sunnan og vestan Hamrakot. Frá Smáhól þessum til landsuðurs yfir syðri endann á Langakletti í Lómaklett, og þaðan beint í steina tvo sem eru norðan í holti fram og austur undir Laxá fremri og kallaðir eru Bræður. Frá Bræðrum niður til Laxár, ræður þá hún og hennar forni farvegur að austanverðu fram til Laxáróss eður Svínavatns.

Ósamþykkur

J. Jónatansson

Samþykkur á milli Orrastaða

og Tinda

Jónas Erlendsson“.

Hvammi 25. apríl 1884.

B. Blöndal

umboðsmaður Þing-

eyrakljaraða

II.

Aðiljar hafa gefið aðiljaskýrslur og aflað vottorða ýmissa manna. Hafa sumir þeirra staðfest vottorð sín fyrir dómi. Skál nú nánar vikið að þeim.

Helgi Stefán Jónsson, fæddur 1896, sem átti heima í Sauðanesi 1906—1937 nema árin 1930—1933, er hann bjó á Hurðarbaki, telur, að Laxá hafi þá verið á merkjum Sauðaness og Hamrakots frá Laxárvatni að Deildarlæk, en þar hafi land Hurðarbaks tekið við.

Sigurfinnur Jakobsson, sem var bóndi á Hurðarbaki 1933—1965, hefur gefið vottorð, þar sem segir, að hann hafi litið svo á allan tímann, sem hann bjó á Hurðarbaki, að Deildarlækur skipti merkjum milli Hurðarbaks og Hamrakots. Enn fremur hafi hann oft heyrt talað um, að merkin milli Orrastaða og Hamrakots væru úr Kotkeldu, sjónhending í Skörpubrún í Hurðarbakslandi. Hann segir, að þegar hann byrjaði búskap á Hurðarbaki, hafi Hamrakotsbóndi heyjað við Deildarlækinn og þar hafi talist engjar frá Hamrakoti.

Björn Sigurfinnsson, fæddur 1933, bóndi á Hurðarbaki og

uppallinn þar, hefur borið, að hann þekki engin önnur merki milli Hurðarbaks og Hamrakots en Deildarlæk. Hann kveðst í þessu efni fyrst og fremst styðjast við umsögn föður síns, Sigurfinns Jakobssonar, svo og Valdimars Sigurgeirssonar, bónda í Hamrakoti. Björn hefur enn fremur **vottað, að hann** muni eftir því, að faðir sinn og Valdimar hafi annast viðhald merkjagirðingar milli Hurðarbaks og Hamrakots frá Laxá „upp að svonefndum jarðföllum efst“. Hafi efri mörkin, sem viðhald girðingarinnar náði til, verið við það miðuð, að landamerkjaliná Orrastaða og Hamrakots væri sjónhending úr Kotkeldu í Skörpubrún. Hann kveður sér sérstaklega minnisstætt, að Valdimar lagði til girðingarstaura úr jární, sennilega langbönd úr gömlum hermannabragga. Björn kveður Valdimar hafa nýttjað landið út að merkjagirðingunni.

Björn Pálsson, fyrrum alþingismaður, á Ytri-Löngumýri, fæddur 1905, keypti Hamrakot af Sigurgeiri Björnssyni móðurbróður sínum 1931, en bjó þar ekki. Hann hefur gefið svohljóðandi vottorð 20. maí 1972:

„Að gefnu tilefni lýsi ég því yfir, að þegar ég keypti Hamrakot af Sigurgeiri Björnssyni, bónda á Orrastöðum, þá áttum við Sigurgeir tal um það, hvort að hluti af girðingu, sem lá á landamerkjum Hurðarbaks og Hamrakots nyrst og á landamerkjum Hurðarbaks og Orrastaða sunnar, væri með í kaupverðinu. Samkomulag varð um, að sá hluti girðingarinnar, sem var á milli Hamrakots og Hurðarbaks, væri innifalinn í kaupverðinu.

Sigurgeir sagði mér, að lengdin á girðingunni, sem Hamrakoti fylgdi, væri annað hvort 200 metrar eða 200 faðmar. Ég man alveg fyrir víst, að Sigurgeir talaði um 200, en þori ei að fullyrða, hvort hann nefndi 200 metra eða 200 faðma.

Vegalengdina mun hann hafa stigið, en eigi mælt með bandi. Hann sýndi mér merkin, og lágu þau í miðri keldu, norðan við girðinguna, og austan við þá keldu var ás, sem ég ætla, að hafi verið næsti ás við Laxá. Þegar hann sýndi mér merkin, stóðum við á merkjalínunni vestan við Hamrakot, en ég gekk aldrei sjálfur út að merkjagirðingunni, en ég treysti mér til nú að benda á kelduna, sem Sigurgeir sagði, að væri merkjakelda.

Samkvæmt samningi okkar Sigurgeirs eiga því Orrastaðir, að mínu áliti, hvergi land að Laxá ytri.

Pegar ég keypti Hamrakot 1931, sýndi Sigurgeir mér landamerkin, svo sem fyrr getur, bæði að sunnan og vestan. Trúði ég öllu, sem hann sagði mér, því það var óhætt. En þá var mér ókunnugt um, hvað skráð var um landamerkin í landamerkjabók sýslunnar. Tilvitnun mín í **kaupsamningi frá 14. nóv. 1941** við Jón Sigfússon í landamerkjaskrá sýslunnar byggðist á því, að ég hélt, að hún væri í samræmi við lýsingu Sigurgeirs, sem ég tel þá réttu“.

Er Björn staðfesti vottorð sitt fyrir dómi á vettvangi, tók hann fram, að hann teldi, „að Sigurgeir heitinn hafi sagt, að girðingarspottinn væri um 200 m, því það sé í samræmi við þá athugun á kennileitum, sem vitnið hafi gert nú“.

Guðmundur Hólmsteinn Valdimarsson á Blönduósi hefur gefið vottorð um, að á þeim tíma, sem faðir hans, Valdimar Sigurgeirsson, átti Hamrakot, en það var frá 1943 til 1961, hafi hann lagt til girðingarstaura í „landamerkjagirðingu á mörkum Hurðarbaks og Hamrakots um Deildarlæk“.

Svavar Pálsson á Blönduósi, sonur Páls fyrrum bónda í Hamrakoti, hefur gefið vottorð um, að hann hafi verið með foreldrum sínum í Hamrakoti 1930—1935. Segir hann, að öll þau ár hafi slægjur verið nytjaðar í svokölluðum Parti ofan við Laxárós. Samkvæmt framburði Helga Jónssonar, sem áður er nefndur, liggur svæði það, sem kallað er Partur, frá Deildarlæk og suður að Vatnslág, en hann vissi ekki nákvæm merki svæðisins að vestan.

Sigrún Pálsdóttir, systir áfrýjanda, hefur gefið vottorð, sem rakið er í héraðsdómi.

Sigurjón E. Björnsson á Orrastöðum hefur gefið vottorð í máli þessu. Segir hann, að það helsta, sem hann viti um landamerki Orrastaða og Hamrakots, hafi Fanný Jónsdóttir, húsfreyja í Holti í Svínadal, sagt sér. Hún hafi verið alin upp á Orrastöðum hjá Pétri Tómassyni. Hefur vottorðsgefandi eftir henni, „að merkin væru úr tveimur klettum við Laxá skammt neðan brúarinnar, er hétu Bræður, í Lómatjarnarhöfða. Þaðan í upptök Kotkeldu og eftir henni í Vatns-

lág“. Vottorðsgefandi þessi hefur það einnig eftir Valdimar Sigurgeirssyni, er keypti Hamrakot af Jóni Sigfússyni, „að Jón hefði sagt sér það strax þegar þeir fóru að ræða kaupin, að hann gæti ekki skaffað nein merki, því hann hefði keypt án ákveðinna merkja.“

Guðmundur Kristjánsson, fyrrum bóndi á Hurðarbaki, hefur gefið vottorð, sem rakið er í héraðsdómi. Kveður hann merkin milli Orrastaða og Hurðarbaks „bein lína í jarðfallið þar sem lækurinn dregst saman aftur og þaðan lækurinn til Laxár“. Hann vottar einnig um nýttun slæгна á Partinum.

Páll Kristjánsson á Reykjum hefur gefið vottorð um, að Sigurgeir Björnsson, faðir áfrýjanda, hafi stundum heyjað í svokölluðum Parti niður undir Laxá, þar sem áin rennur úr Laxárvatni.

Torfhildur Þorsteinsdóttir, móðir stefnda og fyrrum hús-freyja á Orrastöðum, hefur gefið vottorð, þar sem hún lýsir yfir því, að í landamerkjabréfinu frá 1884 sé að finna „hin einu réttu landamerki.“

Vitnin Helgi Stefán Jónsson, Björn Pálsson, Björn Sigurfinnsson og Guðmundur Hólmsteinn Valdimarsson hafa gefið skýrslur fyrir dómi, en aðrir vottorðsgefendur ekki.

Aðiljar eru sammála um, að jarðföllin séu um 20—30 metra neðan við punkt C á uppdrætti eða línu hugsaða frá punkti B í Skörpubrún á uppdrætti Ragnars Árnasonar.

III.

Málsaðiljar hafa lagt fram eða vísað til ýmissa gagna annarra en landamerkjaskráa þeirra, sem áður getur. Verður nú vikið að þeim.

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir svo um Hamrakot:

„Laxveiðivon nokkur, allt þar til Laxá var þvergirt með þvergörðum og laxakistum, . . . Silungsveiði í Laxárvatni . . .“. Um Orrastaði segir í jarðabókinni: „Laxveiðivon væri góð í Laxá, ef ekki væri hún þvergirt hjá Húnstöðum. Silungsveiðivon í Svínavatni“.

Í fasteignamatinu 1932 segir, að laxveiði og silungsveiði sé á Orrastöðum. Ekki er getið slíkra hlunninda í Hamrakoti.

Í héraðsdómi er tekið upp orðrétt endurrit úr úttektarbók Torfalækjarhrepps frá 4. júní 1938 varðandi Orrastaði, en þar segir m. a., að girðing sé á merkjum „að norðan og vestan úr Laxárvatni um Deildartjörn í Svinavatn.“

Samþykkt fyrir Veiði- og fiskræktarfélagið Laxá á Ásum er dagsett 9. febrúar 1937 og birt í B deild stjórnartíðinda það ár. Í 2. gr. samþykktarinnar segir, að félagssvæðið sé Laxá frá Húnaósi að Laxárvatni. Síðan eru taldar upp þær jarðir, sem eru í félaginu. Þar á meðal er Hamrakot. Orrastaðir eru ekki nefndir.


Ljósrit af fundargerðarbók félagsins hefur verið lögð fyrir Hæstarétt. Kemur þar fram, að fyrsti fundur félagsins, sem getið er í bókinni, var 12. september 1935. Arðskrá var samin 1936 og staðfest 9. febrúar 1937, og fékk Hamrakot hlutdeild í arði. Samkvæmt skrá um bakkalengd jarða, er stóðu að stofnun félagsins og land áttu að Laxá, er Hamrakot talið eiga 0.16 km land með ánni. Orrastaða er ekki getið í skránni.

Gögn máls bera með sér, að áfrýjandi hefur lagt fé að sinum hluta til veiðihúss, sem ákveðið var að byggja 1977. Verður ekki annað séð en að Hamrakot hafi átt aðild að veiðifélaginu óskipt frá stofnun þess til þessa dags.

Meðal gagna máls er gerðardómur, uppkveðinn 24. júlí 1961 til að ákvarða skaðabætur vegna landspjalla, sem orðið höfðu á jörðum við Laxárvatn vegna hækkunar vatnsborðs þess. Vatnsborðshækkun þessi stafaði af því, að stífla hafði verið gerð við Laxá, þar sem hún féll úr Laxárvatni, um eða eftir 1932 vegna byggingar raforkuvers. Í gerðardóminum eru taldar upp jarðir þær, sem land eiga að vatninu og fengu bætur fyrir landspjöll. Meðal þeirra er Hamrakot. Orrastaða er ekki getið.

IV.

Landamerkjaskrárnar frá 1884 og 1890 bera með sér, að ágreiningur hefur verið um landamerki Orrastaða og Hamrakots á þeim tíma. Árið 1913 keypti Björn Eysteinnsson Hamrakot, en hann átti þá Orrastaði fyrir. Björn seldi Sigurgeiri, syni sínum, báðar jarðirnar 1924. Sigurgeir seldi Birni Pálsyni, systursyni sínum, Hamrakot 1931, en Orrastaði átti



Sjá mál nr. 165/1976, XLIX, bls. 514-535.

hann til dauðadags 1936. Sigurgeir gat því ráðið merkjum milli jarðanna, þegar hann seldi Birni.

Samkvæmt vottorði Björns Pálssonar og skýrslu hans fyrir dómi seldi Sigurgeir Björnsson honum Hamrakot með þeim merkjum, að lönd þeirrar jarðar og Hurðarbaks lægju saman. Kveður Björn hann hafa sýnt sér merkin, sem „lágu í miðri keldu“, og er ekki öðru haldið fram en að þar sé átt við Deildarlæk. Auk Björns hafa þrír menn komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Allir höfðu þeir áður gefið vottorð, sem lögð hafa verið fram. Björn Sigurfinnsson á Hurðarbaki kveðst ekki þekkja önnur mörk milli Hamrakots og Hurðarbaks en Deildarlæk. Guðmundur Hólmsteinn Valdimarsson, sonur Valdimars Sigurgeirssonar, eiganda Hamrakots 1943—1961, segir föður sinn hafa lagt til staura í girðingu á merkjum þeirrar jarðar og Hurðarbaks um Deildarlæk. Þá segir Helgi Stefán Jónsson, sem lengi átti heima í Sauðanesi, að Laxá hafi verið á merkjum Sauðaness og Hamrakots frá Laxárvatni að Deildarlæk. Þá er ljóst, að eigandi eða ábúandi Hamrakots var meðal stofnenda veiði- og fiskræktarfélags, er stofnað var um Laxá 1936, en í þeim hópi var ekki eigandi eða ábúandi Orrastaða. Ekki verður séð, að komið hafi fram krafa um bætur frá eiganda Orrastaða 1961 vegna landspjalla við Laxárvatn, þegar bætur voru greiddar til eiganda Hamrakots og annarra jarða við vatnið.

Áður er vikið að úttektargerð á Orrastöðum 1938. Ekki verður talið, að orðalag úttektargerðarinnar skeri úr um það, hvort girðing sú, sem um getur, sé eign eiganda Orrastaða alla leið að Laxárvatni. Þess ber og að gæta, að líkur eru til, að úttektarmenn hafi stuðst við frásögn ábúanda eða eiganda Orrastaða, er þeir rita gerð sína. Eins og fyrr segir, taldi Björn Pálsson sig kaupa hluta af nefndri girðingu, er hann festi kaup á Hamrakoti 1931.

Þegar gögn máls eru virt í heild sinni, verður að telja, að Orrastaðir eigi hvorki land að Laxárvatni né Laxá neðan vatnsins. Af því leiðir, að lönd Hamrakots og Hurðarbaks liggja saman við svonefndan Deildarlæk, en ekki er deilt um,

að merki Hurðarbaks séu við þann læk. Í óstaðfestu vottorði Sigurfinns Jakobssonar segir, að merki Hamrakots og Orrastaða séu úr Kotkeldu, sjónhending í Skörpubrún. Björn Sigurfinnsson skýrir fyrir dómi sjálfstætt frá merkjum með sama hætti og faðir hans að því er varðar Deildarlæk, en í óstaðfestu vottorði vikur hann að Skörpubrún á sömu lund og faðir hans. Framburður Björns Pálssonar, sem áður greinir, styrkir málstað áfrýjanda, ef við það er miðað, að girðingin hafi verið 200 faðma löng. Í landamerkjabréfi Hamrakots frá 1890 eru merkin miðuð við svonefnda Skörpubrún í Hurðarbakslandi. Örnefnið Skarpabrún er markað á uppdrátt Ragnars Árnasonar (hæstaréttarskjal V) á grundvelli loftmyndar, en á hana hafði Guðbjartur Guðmundsson ráðunautur markað örnefni þetta að viðstöddum Birni Sigurfinnsyni á Hurðarbaki og stefnda.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, þykir verða að ákveða merki Orrastaða og Hamrakots í samræmi við kröfur áfrýjanda.

Rétt þykir, að hvor aðili beri kostnað sinn af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Landamerki jarðanna Orrastaða og Hamrakots í Torfalækjarhreppi skulu vera lína dregin frá punkti B á uppdrætti Ragnars Árnasonar mælingaverkfræðings (hæstaréttarskjal V) sjónhending í Skörpubrún í landi Hurðarbaks, þar til sú lína sker Deildarlæk, punkt C á nefndum uppdrætti.

Hvor aðili beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Húnavatnssýslu 21. júlí 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var, að loknum munnlegum málflutningum, þann 25. júní sl., var þingfest þann 9. des. 1975.

Upphaflega var mál þetta höfðað með kröfu eiganda Orrastaða til sýslumanns Húnavatnssýslu, dags. 8. sept. 1971, um, að landamerkjadómur skæri úr um ágreining milli jarðanna Orrastaða og Hamrakots í Torfalækjarhreppi um landamerki.

Dómur í málinu var svo kveðinn upp 13. júlí 1973. Var honum áfrýjað til Hæstaréttar, er kvað upp dóm í málinu 23. okt. 1975, er ómerkti héraðsdóm og vísaði málinu heim.

Hæstiréttur segir svo í forsendum sínum:

„Kröfur hans (þ. e. eiganda Orrastaða) fyrir landamerkjadómi svo og fyrir Hæstarétti eru þó aðeins um ákvörðun landamerkja frá punkti B að punkti A (sjá dskj. nr. 34), og hefur hann engar skýrar kröfur gert um merkjalínuna þaðan í Laxárvatn. Hefur landamerkjadómurinn því eigi skorið úr um landamerki í dómi sínum . . . Vegna greinds annmarka og þar sem gagnaöflun í málinu þykir enn fremur hafa verið áfátt . . . þá ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað. . . .“

Varðandi gagnaöflunina er það eins að segja, að þar glímir hinn virðulegi Hæstiréttur við eigin uppvakning með því nokkru sinni að leyfa að leggja fram ný gögn í áfrýjunardómi, sem gætu hafa breytt niðurstöðu héraðsdóms. Slíkum málum á auðvitað að vísa heim aftur, eins og héraðsdómur vísar frá málum, sem eiga að sæta meðferð sáttanefndar, en hafa ekki gert það. En það er auðvitað ekki í verkahring þessa dóms að leiðbeina hinum virðulega Hæstarétti, enda ekki ætlunin.

Varðandi hitt atriðið, þ. e. ákvörðun landamerkjanna frá punkti A út í Laxárvatn, ber að viðurkenna, að það eru mistök, þó hvorugur aðili hafi vakið máls á þessari nauðsyn, og hinn fyrri landamerkjadómur taldi, að „ . . . einkennilegur hóll með þúfu á . . .“ við Vatnslág væri nægilegur endapunktur á merkjalínu, um eða yfir kílómetur á lengd, við Laxárvatn, enda hallaði eða réttara sagt er nokkuð bratt frá þúfunni og niður í Laxárvatn. Auk þess segir í landamerkjabréfi (dskj. nr. 2) „frá Vatnslág eður hólnum“.

Landamerkjadómurinn ásamt aðiljum fór á vettvang þann 9. des. sl. Þá var snjóföln á jörð. Svo var farið aftur nú. Var þá endapunktur ákvarðaður og merktur inn á kort á dskj. nr. 34 sem A¹. Var línan ákveðin úr miðri þúfu og í vatnið við lækjarósinn að norðanverðu og er línan 46,75 metrar á lengd. Talin 47 m.

Reynd var sátt með aðiljum, en án árangurs.

Kröfur sóknaraðilja í máli þessu, eiganda Orrastaða, eru, að mörkin milli Orrastaða og Hamrakots verði ákveðin í samræmi við landamerkjabréf frá 25. apríl 1884 og fari eftir línu frá óumdeildum merkjapunkti B á uppdrætti norðvestur að „einkennilegum hól með þúfu á við svokallaða Vatnslág á bakka Laxárvatns, auðkennt A, og þaðan þvert á þá línu í lækjarós, auðkennt A¹ og út í vatn sem netlög ná. Auk málskostnaðar að mati dómsins.

Kröfur varnaraðilja, eiganda Hamrakots, eru, að landamerki Orrastaða og Hamrakots frá punkti B á uppdrætti verði þaðan í Skörpubrún í Hurðarbakslandi, þar til sú lína sker Deildarlæk, punktur C, sem ræður merkjum milli Hamrakots og Hurðarbaks. Þá krefst hann málskostnaðar að mati dómsins.

Málavextir eru þessir.

Landamerki jarðarinnar Hamrakots eru Fremri-Laxá og Laxárvatn að austan, en að öðru leyti liggur land Hamrakots að landi Orrastaða.

Samkvæmt landamerkjabréfi frá 25. apríl 1884 fyrir jörðinni Orrastöðum er landamerkjum þannig lýst.

„ Frá henni (Deildartjörn) að norðan ræður Deildarlækur, er skilur lönd Orrastaða og Hurðarbaks til Laxár neðri, ræður þá áin og vatnið suður til Vatnslágar. Norðan við Vatnslág þessa er einkennilegur hól með þúfu á. Frá Vatnslág eður hólnum gengur merkjalínan milli Hamrakots og Orrastaða beint suður í vestasta smáhól, sem einkenndur er með grjótvörðu og er fyrir sunnan og vestan Hamrakot“

Undir þetta bréf rita B(enedikt) Blöndal, umboðsmaður Þingeyraklaustursjarða, Jónas Erlendsson, samþykkur milli Orrastaða og Tinda (Laxá fremri), og J.(ósafat) Jónatansson er „ósamþykkur“.

Á þessum tíma voru Orrastaðir og Hurðarbak þjóðjarðir, er lágu undir Þingeyraklaustursumboði, en Hamrakot tilheyrði Holtastaðaeign, og eigandi Holtastaða var þá Jósafat Jónatansson.

Samkv. veðmálabókum Húnavatnssýslu afsalar landshöfðinginn yfir Íslandi Guðrúnu Erlendsdóttur jörðinni Orrastöðum 6. febr. 1886 samkv. heimild í lögum nr. 26/1883. Þar er ekkert tekið fram um landamerki.

Sonur hennar, Björn Eysteinnsson, eignast Orrastaði með afsali 13. nóv. 1906. Með afsali 23. nóv. 1913 afsalar Jónatan Jósafatsson Líndal, Holtastöðum, Birni Eysteinnssyni jörðinni Hamrakoti án nokkurra athugasemda um landamerki (makaskipti á jörðum).

Eru þá báðar jarðirnar komnar í eigu sama manns. Hvergi í þessum eignarafsölum er minnst á landamerki. Hafi ágreiningur verið um landamerki milli Hamrakots og Orrastaða, verður að telja, að hann sé úr sögunni, þegar Björn Eysteinnsson eignast Hamrakot.

Gamla landamerkjabréfið hefur sennilega verið talið gilt og eftir því farið, þótt ekki hafi það verið þinglesið, sbr. það sem móðir sóknaraðilja segir á dómsskj. nr. 18. „Landamerkjabréfið frá 1884 er það eina, sem ég hef séð, og hefur það fylgt með við eigendaskipti á Orrastöðum.“

En maður hennar, faðir sóknaraðilja, kaupir af föður sínum, Birni Eysteinessyni, bæði Orrastaði, með afsali 24. maí 1924, og Hamrakot, með afsali sama dag (skv. veðmálabókum Húnavatnssýslu).

Þess ber þó að gæta við þessi eignaafsöl, að í raun reynir ekkert á landamerkjabréfið, þar sem báðar jarðirnar eru seldar samtímis og glögg merki að austan og sunnan (Laxárvatn, Fremri-Laxá og Svínavatn), og Björn Eysteinnsson hafði girt jörð eða jarðir sínar af að vestan og norðan, og liggur girðingin um Deildarlæk í stefnu á Laxá, nú með horni við Laxá og í stífluna í Laxárvatni.

Jarðirnar báðar eru svo í eigu Sigurgeirs Björnssonar til 7. apríl 1931, er hann selur Hamrakotið systursyni sínum, Birni Pálssyni, nú bónda og fyrrv. alþingismanni á Ytri-Löngumýri. Í þeim kaupsamningi, dskj. nr. 4, er ekkert getið um landamerki. Björn Pálsson selur svo Hamrakotið 14. maí 1941 Jóni L. Sigfússyni, og í þeim kaupsamningi segir: „Landamerki jarðarinnar eru bókfærð í landamerkjabók sýslunnar og vísast til þeirra“, dskj. nr. 6.

Jón L. Sigfússon selur svo Valdimar Sigurgeirssyni Hamrakotið með kaupsamningi 23. des. 1943. Þar segir „þá skal það tekið fram, að landamerki jarðarinnar eru máské ekki nógu glögg, og tekur kaupandi á sig alla þá ábyrgð og kostnað, sem af því kann að leiða að fá rétt landamerki gjörð að jörðinni. . . .“ Dskj. nr. 7 og 8.

Samkvæmt veðmálabókum sýslunnar selur svo Valdimar þeim bræðrum Jóni, Páli og Ólafi Pálssonum jörðina 9. ágúst 1961, og Jón og Páll afsala Ólafi, varnaraðilja þessa máls, sínum hluta jarðarinnar 27. sept. 1966. Ekki er getið landamerkja í þeim afsölum. (Veðmálabækur Húnavatnssýslu).

Sigurgeir Björnsson lést árið 1936. Búi hans var skipt opinber-

um skiptum 4. maí 1939, og er ekkjunni útlögð jörðin. Síðari maður hennar afsalar svo stjúpsyni sínum, sóknaraðilja, jörðinni með afsali 18. des. 1939. „ . . . sel . . . Orrastaði . . . með öllu . . . Og landamerkjum eins og þau eru skráð í landamerkjabréfi jarðarinnar.“ (Skiptaréttarþók og veðmálalabækur Húnavatnssýslu).

Á dómsskj. nr. 17 er aðiljaskýrsla sóknaraðilja. Þar segir hann, að hann hafi keypt jörðina 17 ára gamall og fjárhaldsmaður séð um kaupin, enda hafi hann verið fjarverandi og verið það næstu 20 ár. Svo þegar girða átti á merkjum milli Hamrakots og Orrastaða, hafi hann leitað eftir landamerkjabréfum og móðir hans afhent honum bréfið frá 1884. Þá hafi ágreiningur orðið og því hafi mál verið höfðað.

Landamerkjadómurinn fór tvisvar sinnum á vettvang, eins og fyrr segir. Þann 9. des. er málið var þingfest að nýju og áður en málflutningur fór fram.

Í dóminum, áður en málflutningur fór fram, lagði lögmaður varnaraðilja fram „landamerkjabréf“ fyrir jörðinni Hamrakoti, dagsett á Kagaðarhóli 20. maí 1890, undirritað af J.(ósafat) Jónatanssyni, eiganda 2/3 jarðarinnar, og Stefáni Jónssyni, eiganda 1/3 jarðarinnar, með áritun um neitun Guðrúnar Erlendsdóttur, eiganda Orrastaða.

Um eignaraðild Stefáns að Hamrakoti var ekki upplýst, enda skiptir það ekki máli. Bréf þetta kvað hann hafa fundist þá um morguninn í gömlum skjölum í vörslu Stefáns Jónssonar hreppstjóra, Kagaðarhóli, sonarsonar áður nefnds Stefáns Jónssonar. Bréf þetta var óþinglýst. Um tilvist þessa bréfs var ekki vitað fyrr en nú, en þar segir svo um landamerkin:

„ úr Stórakletti (nú punktur B) gengur merkjalínan út eftir, neðan vert við Þúfukot og svo þaðan bein lína út í Deildarlæk, móts við Skörpubrún (svokallaða) í Hurðarbakslandi, liggur svo merkjalínan þaðan til (Ytri) Laxár eftir Deildarlæk, þaðan ræður merkjum fram eftir að austan fyrst Ytri-Laxá“ Vegna þess að enginn vissi um þetta bréf, mótast eðlilega áður gefin vottorð og umsagnir af því.

Skulu nú vottorð rakin. Í vottorði Björns Sigurfinnssonar á dskj. nr. 12 segir, að hann þekki engin önnur merki milli Hamrakots og Hurðarbaks en Deildarlæk (í raun merkjagirðing) og styðst þar við umsögn föður síns og Valdimars Sigurgeirssonar, sem nytjaði landið út að merkjagirðingu og vann að viðhaldi hennar af hálfu Hamrakots, frá Laxá og upp að jarðföllum (sic) efst. Sigúrfinnur Jakobsson segir í sínu vottorði á dskj. nr. 13, að hann

hafi litið svo á, að Deildarlækur skipti merkjum Hurðarbaks og Hamrakots. Enn fremur heyrði hann oft talað um, að merkin milli Orrastaða og Hamrakots væru úr Kotkeldu sjónhending í Skörpubrún í Hurðarbakslandi. Sigurfinnur var bóndi á Hurðarbaki frá 1933—1965. Þegar hann byrjaði búskap á Hurðarbaki, bjó Páll Jónsson í Hamrakoti og heyjaði við Deildarlækinn, og taldi hann það engjar frá Hamrakoti. Helgi Jónsson, sem heima átti í Sauðanesi frá 1906—1937, að undanteknum árunum 1930—1933, er hann bjó að Hurðarbaki, segir á dskj. nr. 16: „Ég staðfesti, að alla tíð var svo álitíð og heyrðist ekki annað á þessum tíma, að því er mér er kunnugt um, en að Laxá lægi á merkjum Sauðaness og Hamrakots, frá Laxárvatni að Deildarlæk, en þá tóku við landamerki Hurðarbaks og Sauðaness um Laxá. Mér er ókunnugt um merkin milli Orrastaða og Hamrakots.“ Sigurjón E. Björnsson hefur það eftir Fanný Jónsdóttur, fyrrum húsfreyju í Holti í Svínadal, á dskj. nr. 21, en Fanný ólst upp á Orrastöðum hjá Péttri Tómassyni, er keypti um aldamót af Guðrúnu Erlendsdóttur og seldi Birni Eysteinsyni, að hún þekki ekki önnur merki milli Hamrakots og Orrastaða en þau, sem landamerkjabréfið tilgreinir. Sigurjón hefur það einnig eftir Valdimar Sigurgeirssyni, að Jón Sigfússon hafi sagt, er hann seldi Valdimar, að hann gæti ekki skaffað nein merki, því hann hefði keypt án ákveðinna merkja. Guðmundur Magnússan, sem lengi átti heima á Hurðarbakslandi, segir á dskj. nr. 22: „Merkin milli Orrastaða og Hurðarbaks, þar sem lækurinn kemur úr gilinu við Kotásinn, bein lína í jarðfallið, þar sem lækurinn dregst saman aftur, og þaðan lækurinn til Laxár,“ og einnig, að Björn Eysteinsson hafi slegið Partinn, bæði þegar hann bjó á Orrastöðum og eftir að hann flutti að Hamrakoti, og að Sigurgeir hafi slegið Partinn (sem mun vera hluti af hinu umdeilda landi) öðru hverju, þegar hann bjó á Orrastöðum. Og Páll bóndi Kristjánsson á Reykjum, næsta bæ við Orrastaði, segir í dskj. nr. 20, að hann hafi vitað til þess, að Sigurgeir Björnsson á Orrastöðum hafi stundum heyjað á svonefndum Parti niður undir Laxá. Helgi Jónsson segir fyrir dómi 25. júní sl., að sumarið 1913 hafi verið deila milli Sveins í Hamrakoti og Björns Eysteinssonar á Orrastöðum um slægjur í Partinum. Sveinn hafi slegið engjarnar á undan túninu, svo hann yrði fyrri til. Sveinn dó þetta sumar.

Þegar þessi vottorð eru athuguð, kemur aðeins það í ljós, að ekki hefur legið alveg ljóst fyrir, hver landamerki eru milli Orrastaða og Hamrakots. Vætti Helga Jónssonar og Guðmundar Magn-

ússonar, sem nú er látinn, stangast á, þó eru það þeir, sem helst ættu að vita þetta.

Það, sem haft er eftir Fanný Jónsdóttur, er eðlilega í samræmi við landamerkjabréfið, enda á hún heima á Orrastöðum, meðan Hamrakot er enn í eigu Holtastaðamanna, svo hennar vætti sker ekki úr hér. Björn Sigurfinnsson byggir sína þekkingu á frásögn föður síns og Valdimars Sigurgeirssonar, en eins og fram kemur hjá Sigurjóni Björnssyni og raunar er tekið fram í kaupsamningi milli Jóns L. Sigfússonar og Valdimars, þá eru merki ekki ótvíráð, og Valdimar veit þess vegna lítið um þau.

Það, að Valdimar hélt við girðingu milli Hurðarbaks og hins umdeilda lands, sannar raunar ekkert. Þessi girðing var að vissu marki jafnmikil nauðsyn Hamrakotsbóndanum, þar sem lönd þeirra voru ógirt, svo viðhald girðingarinnar gæti hafa verið kvöð á Hamrakoti. Þá virðist þetta umdeilda land hafa verið nytjað bæði frá Hamrakoti og Orrastöðum.

Björn Pálsson mun ekki hafa búið í Hamrakoti og ekki hirt um að kanna landamerki, sbr. það, að hann segir í afsali sínu til Jóns L. Sigfússonar á dskj. nr. 6, að þau séu „ bókfærð í landamerkjabók sýslunnar“, þótt ekkert landamerkjabréf hafi verið til eða sé til fyrir Hamrakot, eftir því sem best var vitað. Áður er getið um þekkingu eða þekkingarleysi Jóns L. Sigfússonar og Valdimars Sigurgeirssonar, og þá eru aðeins eftir Sauðanesmenn eða Helgi Jónsson, sem var í fyrirsvari fyrir ekkjuna í Sauðanesi frá 1933 fram til 1937. Vottorð Sigurfinns leysir ekki úr neinu. Gerir óvissuna aðeins ívið meiri en áður.

Sigrún Pálsdóttir frá Sauðanesi gefur vottorð á dskj. nr. 14. Sigurgeir á Orrastöðum hafði fylgt henni áleiðis heim, eftir að hún hafði unnið fyrir hann um tíma. Þau fara um Hamrakotsland, og henni finnst leiðin löng og spyr, hvort þau komi ekki senn í Hurðarbaksland, og segir Sigurgeir henni, að þau fari eingöngu um land Hamrakots að ánni og land Hamrakots og Hurðarbaks liggi saman. Það, sem gerir, að hún man þetta tilvik, er það, að hún varð svo undrandi yfir því, að Hurðarbak átti ekki land að Sauðanesi, eða réttara sagt að Laxá, sem skipti löndum. Undrun hennar er slík, að hún man þetta enn, sem ef til vill bendir til þess, að heima fyrir hafi hún aðeins heyrt, að Hurðarbak ætti landið hinum megin Laxár, en það veikir vottorð Helga Jónssonar á dskj. nr. 16.

Sigurgeir segir henni, að Hamrakot eigi land að Hurðarbaki. Þá var nýbúið að ganga frá sölu Hamrakots til Björns Pálssonar,

og vel getur verið, að ætlunin hafi verið sú að breyta landamerkjum, sbr. hér á eftir um vottorð Björns Pálssonar, en þessi breyting var aldrei gerð, a. m. k. hefur það skjal ekki komið fram.

Þegar Sigurgeir segir, að þau fari um Hamrakotsland, ber að hafa í huga, að á þessum tíma var Laxárvatn óstíflað. Við munnlegan málflutning, er málið var flutt í fyrra sinnið, lagði lögmaður varnaraðilja fram til athugunar fyrir dóminn fundargerðarbók Veðifélags Laxár á Ásum. Þar kemur fram, að fjarlægð frá stíflu að ós Deildarlæks er um 160 m. Samkvæmt loftmynd á dskj. nr. 3 ætti þá vegalengdin frá Vatnslág að ós Laxárvatns, eins og hann var fyrir stífluna, að vera um 500—700 m, eða steinsnar frá óumdeildu Hamrakotslandi í Sauðanesland handan Laxár. Vottorð á dskj. nr. 14 gefur því ekki lausn vandamálsins. Björn Pálsson gefur vottorð á dskj. nr. 15 og staðhæfir það fyrir landamerkjadóminum 10. júlí 1972 með þeirri breytingu, að eftir að hafa skoðað vettvang, hafi línun frá Laxárstíflu verið 200 m, en ekki 200 faðmar. Björn treystir Sigurgeiri frænda sínum í einu og öllu að því er snertir landamerki jarðanna, og þar sem þeir standa á ás vestan Hamrakots, bendir Sigurgeir á merkin út flóann. Vegalengdin milli ássins og girðingarinnar er hátt í 2 km (sjá dskj. nr. 3 miðað við að vegalengdin frá ós Deildarlæks að stíflu sé um 160 m).

Samkvæmt „landamerkjabréfi“ Hamrakots dskj. nr. 32 eru landamerki milli jarðanna lína um Kotkeldu (nú punktur B) í Skörpubrún að Deildarlæk, og er það krafa varnaraðilja, að sú lína verði viðurkennd merki.

Samkvæmt vætti Björns Pálssonar á dskj. nr. 15 eru landamerkin nú frá punkti B í girðinguna við Deildarlæk, og átti þá að fylgja girðingarspotti 200 m langur, eða þessi lína skipti hinu umdeilda landi því sem næst til helminga. Og að lokum kröfufína eiganda Orrastaða úr punkti B í einkennilegan hól við Vatnslág. Allar þessar þrjár línur koma til greina sem merkjalínur, því öll gögn málsins bera með sér, að „Parturinn“ hafi verið deiluefni.

Vitnið Helgi Jónsson afmarkar „Partinn“ fyrir dómi 25. júní sl. og segir, að hann liggi frá Deildarlæk og suður að Vatnslág og vestur, að vitnið heldur, að keldum, en vitnið veit ekki nákvæm merki að vestan. Nákvæmar hefur „Parturinn“ ekki verið skilgreindur, en sennilega verið alveg vestur að hugsaðri merkjalínu úr (nú) punkti B í Skörpubrún, eða eins langt og eigendur Hamrakots hafa talið sér.

Dómurinn lítur svo á, að lína punktur B í Skörpubrún komi ekki til álita sem landamerki, m. a. vegna algerrar synjunar eiganda Orrastaða áritaða á „landmerkjbréf“ Hamrakots á dskj. nr. 32. Þessi landamerki hafa vafalaust verið þau, sem eigendur Hamrakots hafa talið rétt og reynt að fylgja eftir rétti sínum, sbr. það, sem vitnið Helgi Jónsson segir um Svein í Hamrakoti, að hann hafi 1913 slegið „Partinn“ á undan túninu til þess að verða á undan bóndanum á Orrastöðum, sem virtist svara þessu með því að kaupa Hamrakotið, og þar með gat hann látið Orrastaðabréfið gilda framvegis um landamerki jarðanna.

Eigandi jarðanna, Björn Eysteinnsson, hefði átt að láta þinglýsa landamerkjabréfinu, eins og lög nr. 41 frá 28. nóv. 1919 buðu, en það var ekki gert, enda allmikill misbrestur á framkvæmd þeirra laga. Gera má því skóna, að eigandi Orrastaða, sem nú átti einnig Hamrakot, hafi ekki talið sig þurfa að spyrja neinn um merkin. Hann hafði landamerkjabréf fyrir Orrastaði og var sjálfur í fyrirsvari fyrir Hamrakot.

Að þessu sögðu verður að fallast á þá túlkun lögmanns sóknaraðilja við munnlegan málflutning, að „landamerkjabréf“ Hamrakots á dskj. nr. 32 sé aðeins viljayfirlýsing, sem sýni, hvað þeir töldu rétt landamerki jarðanna, en marklaust að öðru leyti.

Dómurinn lítur því svo á, að hafna beri aðalkröfu varnaraðilja.

Lína sú, sem hvorugur aðili gerir að varakröfu, er lína hugsuð úr punkti B í girðinguna við Deildarlæk, þar sem hún sker hana um 200 metra frá Laxárvatni, eða um 200 metra kafli komi sem landamerkjagirðing milli Hamrakots og Hurðarbaks. Vitnið Björn Pálsson, fyrrv. alþingismaður, á Ytri-Löngumýri, keypti Hamrakotið af móðurbróður sínum, Sigurgeiri, árið 1931, eins og áður segir. Að sögn vitnisins átti línán að skera girðinguna 200 metra frá Laxárvatni, og telur vitnið sig hafa keypt þennan girðingarspotta, þótt ekki sé þess sérstaklega getið í afsali.

Í sjálfu sér vefengir dómurinn ekki vottorð vitnisins Björns og telur ekki ósennilegt, að Sigurgeir heitinn hafi sem eigandi beggja jarðanna ætlað að setja niður landamerki, sem skiptu hinu umdeilda landi, þegar hann seldi frænda sínum.

Þessa skoðun styður einnig það, að Hamrakotið er tekið með í stofnun veiðifélags Laxár, en ekki Orrastaðir. Einn af aðalforögöngumönnum þessa veiðifélags var Þórarinn heitinn á Hjaltabakka, hreppstjóri Torfalækjarhrepps og fyrrv. þingmaður. Þess vegna verður að telja, að hann hafi vítað, hvað hann var að gera. Hitt er svo annað mál, sem lítilega var á minnst í munnlegum

málflutningi, að eftir miklu var ekki að sækjast. Bæði var vegalengdin stutt og hagnaðarvonin sáralítill vegna langvarandi rányrkju í ánni. Engu að síður styður vera Hamrakots í veiðifélaginu þá skoðun, að Sigurgeir hafi ætlað að ákvarða landamerkin þau, sem hann sýnir frænda sínum og viðsemjanda, er hann selur vitninu Birni Pálssyni. En frá þessu hefur ekki verið gengið. Vitnið Björn hefur sennilega talið, að Sigurgeir ætlaði að gera það og láta þinglýsa merkjum, sbr. það, sem í afsali hans til Jóns L. Sigfússonar segir á dskj. nr. 6, að landamerkin séu „ . . . bókfærð í landamerkjabók sýslunnar . . .“

Jón L. Sigfússon selur svo Valdimar Sigurgeirssyni jörðina með kaupsamningi 23. des. 1943, sjá tilvitnun hér að framan. Orðalag samningsins bendir til þess, að Jón L. Sigfússon hafi kannað, hvort landamerki hafi verið bókfærð í landamerkjabók sýslunnar, og komist að því, að ágreiningur um landamerki jarða þessara var ekki úr sögunni, þótt ætla mætti, að Sigurgeir hafi ætlað sér að útkljá deiluna.

Á dskj. nr. 19 er endurrit úr úttektafbók Torfalækjarhrepps. „Samkvæmt úttektafbók fyrir Torfalækjarhrepp, sem er löggilt 12. febr. 1929 af sýslumanni Húnavatnssýslu, eru innfærðar í hana úttektir á Hamrakoti frá árunum 1926, 1929 og 1935.

Samkvæmt þessum úttektafjörðum á Hamrakoti er í engri þeirra getið um landamerkjagirðingar.

Í úttektafjörð á Orrastöðum, gerðri 4. júní 1938, stendur orðrétt „Önnur mannvirki:

1. Girðing á merkjum að norðan og vestan, úr Laxárvatni um Deildartjörn í Svínavatn. Girðingin var gerð upp í fyrra, bætt í staurum fyrir bilaða staura og settir millistaurar. Milli staura eru 5 m og 5 gaddavirspættir í girðingunni.
2. Túngirðing.“

Undir þessa úttektafjörð á Orrastöðum skrifa hreppstjóri Torfalækjarhrepps, Þórarinn Jónsson, úttektaarmaður Torfalækjarhrepps, Jón Stefánsson, viðtakandi jarðarinnar, Stefán Ágústsson, og af hálfu umráðamanns jarðareiganda, Sigurður Erlendsson (með fyrirvara).

Orrastaðir, eða dánarbú Sigurgeirs heitins, en í forsvari fyrir það var ekkjan, gerir upp landamerkjagirðingu 1937, árið eftir að Sigurgeir deyr. Það er dýrt að girða nú og hefur vafalaust verið dýrt einnig þá. Auk þess var mæðiveikin að byrja að gera usla í sauðfé bænda og þar með að gera þeirra fjárhagsstöðu erfiðari. Það eru því engar líkur til þess, að girðingin hafi verið gerð

upp þegjandi og hljóðalaust. Umræður hafa vafalítið farið fram og endirinn orðið sá, að Orrastaðaeigandi gerði einn girðinguna upp, sem girt var á sínum tíma af eiganda Orrastaða, Birni Eysteinsyni, eða árið 1913 skv. vætti Helga Jónssonar.

Það vekur einnig athygli, að hreppstjóri Þórarinn Jónsson skrifar undir úttektina án athugasemda, sem þýðir, að hann vefengir ekki eignarrétt Orrastaða að girðingunni, þótt hann hafi talið áður, að Hamrakot ætti landið að Laxá, þegar veiðifélagið var stofnað. Þórarinn var það glöggur maður, að þetta getur ekki hafa farið fram hjá honum, en hann gerir ekkert í málinu, lætur framtíðinni það eftir.

Ekkjan eða maður hennar afsala svo sóknaraðilja þessa máls Orrastöðum 18. des. 1939 (sjá tilvitnun hér að framan). Hér er ekki vitnað í landamerkjabók sýslunnar, heldur sjálft landamerkjabréfið. Hafi því Sigurgeir Björnsson ætlað sér að leysa gamalt deilumál, er hann seldi Birni Pálssyni, og látið gott heita, að Hamrakotið hafi talið tilheyra veiðifélagi Laxár, verða aðgerðir konu hans, ekkjunnar, ekki skýrðar á annan hátt en þann, að hún teldi gamla bréfið það eina rétta landamerkjabréf.

Dómurinn er þeirrar skoðunar, að Sigurgeir Björnsson hafi ætlað að setja landamerkin eins og Björn Pálsson lýsir þeim, en af því hafi ekki orðið eða bréf þar um glatast, en telur samt ekki hægt, þrátt fyrir að veran í veiðifélagi Laxár styrki þessa skoðun, að ákvarða þessa landamerkjalínu vegna viðgerðar á merkjagirðingunni, sem talin er eign Orrastaða rétt eftir lát Sigurgeirs og sölu jarðarinnar, einmitt á þessum tíma samkv. gamla bréfinu, svo og veiki umsögn Jóns L. Sigfússonar málstað Hamrakots.

Þá er aðeins eftir að athuga landamerkjabréf fyrir Orrastaði á dskj. nr. 2.

Landamerkjabréfið er gefið út í Hvammi og dagsett þar 25. apríl 1884 af Benedikt Blöndal, umboðsmanni Þingeyraklaustursjarða. Sennilegt er, að hann hafi farið eftir eldri heimildum, en það haggar ekki þeirri staðreynd, að eigandi Hamrakots er ósamþykkur, svo það gildir ekki gagnvart þeirri jörð fyrr en sami eigandi á þær báðar. Dómurinn telur því, að annmarkar þeir, sem á Orrastaðabréfinu hafi verið, hafi eigandi Orrastaða, Björn Eysteinson, getað gert að engu þegar árið 1913 og sennilega ætlað sér að gera. Verði því, þrátt fyrir sennilega viðleitni Sigurgeirs á Orrastöðum um að leysa málið með málamiðlun, að ákveða landamerki jarðanna eftir Orrastaðabréfinu. Vegna ummæla í forsendum hæstaréttardómsins um gagnaöflun „ . . . einkum að

því er varðar gerð, aldur og viðhald girðingar þeirrar við Deildarlæk . . .“ þá er rétt að undirstrika, að eigandi Orrastaða, Björn Eysteinnsson, girti að Laxá árið 1913 að sögn vitnisins Helga Jónssonar, þessi girðing var gerð upp 1937 og náði þá í Laxárvatn (stífluna), að því er virðist á kostnað Orrastaða. Hins vegar mun eigandi Hamrakots hafa haldið henni við á kafla, annað hvort að eigin frumkvæði eða í samvinnu eða samkv. samningum við Orrastaðaeiganda, en þarna var um sameiginlega landamerkjagirðingu að ræða, sem bæði Hamrakot og Orrastaðir höfðu hag af, að væri í lagi. Þetta voru sameiginlegir hagsmunir og getur hafa verið endurgjald fyrir eitthvað. Aðeins var dregið á það í munnlegum málflutningi, að Valdimar bjó aðeins í fá ár í Hamrakoti, áður en hann flutti til Blönduóss, en nytjaði Hamrakotið og hafði þá a. m. k. um tíma mjög nána samvinnu við Orrastaðabóndann.

Þar sem allt er svo óákveðið um þessi merki og raunar viðhaldsskylduna líka, þá telur dómurinn ekki fært að leggja allt of mikið upp úr því, að Valdimar vann þarna að viðhaldi girðingarinnar. Þetta undirstrikar aðeins þann mikla skoðanamismun milli aðilja um landamerki jarðanna á þessu svæði.

Látið var að því liggja í munnlegum málflutningi lögmanns varnaraðilja, að Hamrakot eða eigendur þess hafi unnið þetta land á hefð. Þessu ber að hafna þegar af þeirri ástæðu, að þetta land er innan sameiginlegrar girðingar, er beutiland og var slægju-land og nytjað af báðum jörðunum til beitar og af þeim á víxl, að því er virðist til slægna, meðan það tíðkaðist. Hefð kemur því ekki til álita að því er landið snertir.

Varnaraðili leggur mikið upp úr því, að Hamrakoti, en ekki Orrastöðum, var boðin þátttaka í veiðifélagi um Laxá. Lagði hann fram til athugunar fyrir dóminn fundargerðarbók veiðifélagsins. Fundargerðir eru bersýnilega ekki innfærðar á fundum, heldur síðar. Fyrsti fundur er haldinn 12. sept. 1935. Þar eru allir sagðir mættir, en ekki er skrifað undir fyrir Hamrakot og Hnjúka (Blönduóshr.). Þegar svo arðskrá er samin sumarið 1936, er Hamrakoti ætlað 1/4%, svo eftir miklu hefur ekki verið að slægjast. Auk þess var það álit Sauðanesmanna, sbr. vottorð Helga Jónssonar á dskj. nr. 16, að Hamrakot ætti land að Laxá. Á fundi 23. mars 1936 var lagt fram frumvarp til samþykktar fyrir veiðifélagið. Þá er Hamrakot talið eiga land að ánni. Þessi afstaða gagnvart Hamrakoti segir aðeins álit manna á eignaraðild landsins, en sker ekki úr um hin eiginlegu merki.

Lögmaður varnaraðilja vildi leggja upp úr því, að matsgerð gerðardóms vegna landsskemmda o. fl. við Laxárvatn, dags. 24. júlí 1961, dómsskj. nr. 38, sé hvergi minnst á Orrastaði, bara Hamrakot. Dómurinn lítur svo á, að þetta sé eðlileg afleiðing veru Hamrakots í veiðifélagi Laxár, en geti í sjálfu sér ekki haft beina þýðingu um ákvörðun landamerkja.

Landið upp af ánni og vatninu, hið umdeilda svæði, var nytjað af báðum jörðunum, Orrastöðum og Hamrakoti. Sennilega hefur veiði í Laxárvatni aðeins verið stunduð frá Hamrakoti, en Orrastaðamenn veitt í Svínavatni. Þótt þessari tilgátu væri ekki til að dreifa, þá lítur dómurinn svo á, að notkun veiðiréttar frá landi og afstaða veiðifélagsins geti ekki skapað ein sér eignarrétt á landinu. Aðgerðarleysi eiganda Orrastaða getur ekki svipt hann landinu, heldur aðeins veiðiréttindum, ef því væri til að dreifa, en það er ekki til úrlausnar hér og verður því látið liggja á milli hluta.

Dómurinn telur því, að líta verði þannig á, að landamerkja-bréfið frá 1884 sé í fullu gildi og ekki hafi komið frambærileg rök, sem hníga í þá átt að draga úr gildi þess. Þess vegna verði landamerki Hamrakots og Orrastaða í samræmi við landamerkja-bréfið frá 1884 með því fráviki, að suðvesturhornpunktur Hamrakots hefur verið færður lítillega, og verða merkin því: Úr punkti B (suðvesturhornpunktur Hamrakots) í punkt A, eða í einkennilega þúfu á hól við Vatnslág, og þaðan því sem næst hornrétt á þá línu niður í Laxárvatn í norðari bakka lækjaróssins, punkt A¹, en sú vegalengd er tæpir 47 m. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Rétt er að vekja athygli á því, að báðum lögmönnum var kunnugt um, að formaður dómsins er einnig formaður í veiðifélagi Laxár sem landeigandi að ánni, en hreyfðu engum mótmælum, enda hefur formaður dómsins engra hagsmuna að gæta í þessu sambandi.

Að loknum munnlegum málflutningi föstudaginn 25. júní ræddu dómara málsins saman. Komu svo aftur saman þriðjudaginn 28. júní og gengu efnislega frá dóminum. Að lokum komu þeir saman í dag og undirrituðu dóminn. Tafir á lokafrágangi dómsins voru vegna anna.

Dómsorð:

Landamerki jarðanna Orrastaða og Hamrakots frá punkti B verði bein lína í punkt A, eða í „þúfu á einkennilegum hól

við Vatnslág“, og þaðan næstum því hornrétt niður í Laxárvatn í norðari bakka lækjaróssins, punktur A¹.

Málskostnaður fellur niður.

Laugardaginn 29. apríl 1978.

Nr. 212/1976. **Gunnar Finnbogason**

(sjálfur)

gegn

Skúla Benediktssyni og

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Árvakri h/f og

(enginn)

Skúli Benediktsson

gegn

Gunnari Finnbogasyni.

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Sektarrefsing. Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. nóvember 1976. Hefur hann uppi þessar kröfur á hendur gagnáfrýjanda, Skúla Benediktssyni:

- 1) Að ummæli þau, sem stefnt er út af, verði dæmd ómerk.
- 2) Að gagnáfrýjanda verði dæmd refsing fyrir ummælin.
- 3) Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 200.000 krónur í miskabætur og 500.000 krónur í skaðabætur, hvort tveggja með 13% ársvöxtum frá 11. nóvember 1975 til greiðsludags.
- 4) Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Á hendur stefnda Árvakri h/f, útgefanda Morgunblaðsins, er gerð sú krafa ein, að hann verði skyldaður til að birta